

**Ed.**

**13. Frumvarp til laga**

[13. mál]

um breyting á lögum um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

**1. gr.**

Í stað orðanna „Lög þessi öðlast þegar gildi“, í 48. gr. laga um vörumerki nr. 47 2. maí 1968, komi: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1969.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

um breyting á lögum um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Iðnaðarmálaráðherra hefur tjáð mér, að mjög mikil vandkvæði séu á því að framkvæma, án nokkurs umþóttunartíma, lög um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968, aðallega vegna ákvæða laganna um að skrásetja skuli og endurnýja vörumerki fyrir ákveðna vöruflokka.

Til að ákveða slíkt flokkakerfi og auglýsa, þurfi góðan tíma og sé því brýn nauðsyn að fresta gildistöku hinna nýju laga til 1. janúar 1969.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

**1. gr.**

Í stað orðanna „Lög þessi öðlast þegar gildi“, í 48. gr. laga um vörumerki nr. 47 2. maí 1968, komi: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1969.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 28. maí 1968.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

Jóhann Hafstein.